

Á R S S K Ý R S L A

skógarvarðarins í Eyjafirði árið 1955 .

Eins og árið 1954 hefi eg verið skógarvörður í Eyjafirði með hálfum launum frá ríkinu. Hefi eg jafnframt verið starfsmaður Skógræktarfélags Eyfirðinga og séð um vörslu skógarreita og gróðursetningu í þá bæði fyrir félagið og Skógrækt ríkisins. Þá hefi eg einnig séð um ræktur uppeldisstöðvar Skógræktarfélags Eyfirðinga á Akureyri og jafnframt hirðingu Gróðrarstöðvar Ræktunarfélags Norðurlands, þar sem uppeldið hefir að nokkru leiti farið fram.

Þann 8. júní fór eg til Reykjavíkur og tók á hendur fararstjórn í Skógræktarför til Noregs f. h. Skógræktarfélag Íslands. Farið var með flugvél frá Reykjavík 10. júní og komið aftur 23. júní. Alls voru 53 manns í förinni frá hinum ýmsu héraðsskógræktarfélagum í landinu. Dvalið var í Þrændalögum í Noregi og var fólkið þar við gróðursetningu í tveimur flokkum, annar í Ognaldalen í Norður-Þrændalögum og hinn í Lensvik í Suður-Þrændalögum. Gróðursettar voru rúmlega 40 þús. plöntur, að mestu leiti rauðgreni. Allir þátttakendur rómuðu mjög alúð og gestrisni Norðmanna og töldu sig hafa átt ógleymanlegar stundir í Þrændalögum.

Meðan eg var í þessari ferð, gegndi Jón Dalmann Ármannsson störfum mínum heima í héraði.

Skógarreiturnir að Grund í Eyjafirði.

Gróðursett var í reitinn 500 Sib. lerki frá Laugabrekku (Arkengelsk)  
 250 " " " Hallormsstað (Hakaskoja)  
 og 500 Blágreni " Laugabrekku  
 Samtals 1250 plöntur.

Grisjað var í reitnum í nóvemberloka og byrjun des. og selt furulim fyrir kr. 1764,00 brutto.

Skógarreiturnir að Vöglum á Þelamörk.

Hvítgreni, sem gert var ráð fyrir að gróðursetja þar, kom ekki og var því ekkert gróðursett þar að þessu sinni. Mælingar voru gerðar á reitnum, girðingunni og birkigróðri þeim, sem þar er. Hefir það verið fært inn á spjaldskrá.

Eg hefi mælt milli 10 og 20 skógarreiti í héraðinu í sumar og gert nokkrar athugasemdir í fleiri reitum.

Byrjað var á girðingu í haust á einum reit til viðbótar. Er hann í landi Skriðu í Hörgárdal og á vegum Skógræktarfélags Skriðuhrepps. Verður girðingin rúmur km að lengd.

Uppeldisstöðin.

Afhentar skógarplöntur:

Birki	3/0	9,460	Skógarfura	3/0	11,800	Sib. lerki	2/2	7,452
"	3/2	8,070	"	4/0	7,765	Rauðgreni	2/2	540
Alaska	"	3/0				Sitkagr.	2/2	370
						Hvítgr.	2/2	550
		18,130			19,565			8,912

Samtals ..... 46,607

Afhentar garðplöntur:

Birki	543	Greni og fura	168	Aðrar teg.	553
Samtals ..... 1,264					

Umplöntun:

Birki	12,197	Greni	24,970	Fura	12,432	Reynir	483
-------	--------	-------	--------	------	--------	--------	-----

Samtals ..... 50,082

Sáning: Vorsáning 300 ferm. haustsáning 150 ferm. alls 450 ferm.

## Sundurliðun:

Birki	Bajarst.	2,5 kgkg	75	ferm.		
"	Vaglir	0,667 "	20	"		
"	Ak. (Baj.st)	0,5 "	20	"	3,667 kg.	115 ferm.
Blá-og broddgr.		0,66 "	35	"	0,66 "	35 "
Sitkabast.		0,36 "	20	"	0,36 "	20 "
Rauðgreni		4,0 "	120	"	4,0 "	120 "
Sitkagr.		0,55 "	24	"	0,55 "	24 "
Gráfura		0,1 "	4	"		
Kontortafura		0,1 "	5	"		
Skógarfura		1,0 "	35	"	1,2 "	44 "
Pinur		0,1 "	11	"	0,1 "	11 "
Fjallaþöll		0,2 "	5	"	0,2 "	5 "
Elri		0,2 "	7	"	0,2 "	7 "
Sib.lerki		0,5 "	20	"	0,5 "	20 "
Gráreynir	Ak.		25	"		
Ilmreynir	"		25	"		30 "
Ýmsar teg	"		19	"		19 " 450 ferm.

Spírun var mjög slæm á vorsáningu, enda voru stöðugir sunnan þurkar og stormar í vor og fram eftir sumri. Sumarið var því einnig óhagstætt fyrir plöntur, sem gróðursettar voru í vor einkum 3/o. Framför á eldri plöntum var óvenju góð í sumar, einkum birki. Mældust árssprotar á því víða um og yfir hálfan metra og mest yfir 80 sm í Vaðlaskógi. Birki laufgvaðist hér í lok maí og byrjun júní. Lauffall byrjaði í lok september og voru lauftré ekki aflaufgvað fyr en um mánaðarmótin okt. nóv.

Akureyri 3/1 1956